

Eftir þessum málavöxtum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Aðalkröfu stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands, er vísað frá frá dómi.

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, skal vera sýkn af varakröfu stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. júní 1951.

Nr. 8/1950.

Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar (Barði Friðriksson hdl.).

Deilt um skilning á kauptryggingarákvæði kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 22. júní f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur vegna skipverja á m/b Særúnu gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar, útgerðarmanns í Bolungavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda sé dæmt skylt að greiða skipverjum á m/b Særúnu, Ís. 6, kauptryggingu fyrir allan febrúarmánuð 1950. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greint.

Á vetrarvertíðinni 1950 gerði Einar Guðfinnsson, útgerðarmaður í Bolungavík, m/b Særúnu út til fiskveiða. Aðfaranótt hins 24. eða 25. janúar þess árs lá vélbátur þessi við öldubrjótinn í Bolungavík. Gerði þá hvassveður svo mikið, að ekki var gerlegt að koma bátnum frá, eftir því sem segir í skýrslu skipstjóra hans, Halldórs Halldórssonar. Laskaðist báturinn í veðri þessu og er skemmdunum lýst svo í þessari sömu skýrslu: „Brotnaði lunningin aftur að vanti og fram á mitt hádekk, tvær stytur brotnuðu einnig sömu megin og skansklæði aftur fyrir miðsíðu. Einnig brotnaði efsta borð á byrðingi við afturenda hádekkis og sömuleiðis skammdekk á sama stað.“ Hin 25. eða 26. s. m. var báturinn fluttur til Ísafjarðar til viðgerðar. Samkvæmt skýrslu virðingarmanns Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga eru skemmdir þessar: „Brotnar eru stytur, skansklæði, skammdekk og öldustokkur.“ En tjónið metur hann á kr. 2050.00. Viðgerð fór fram í skipasmíðastöð M. Bernharðssonar dagana 26. janúar til 1. febrúar og reyndist kostnaður við þá viðgerð kr. 1562.44. Samkvæmt gögnum málsins var viðgerðin á Ísafirði í því fólgin, að gert var við stytur, öldustokk og skansklæði. Í vottorði M. Bernharðssonar, dags. 26. apríl þ. á., segir, að báturinn hafi verið lekur, og telur M. Bernharðsson í þessu vottorði, að báturinn hafi reynzt í óveðri því, sem skemmdum olli við öldubrjótinn. Þá segir og í sama vottorði, að ákveðið hafi verið að framkvæma í Bolungavík viðgerð á byrðing bátsins, en ekkert er fram komið um það, hvers vegna sú viðgerð var ekki látin fara fram á Ísafirði. Báturinn var nú fluttur til Bolungavíkur, að líkindum hinn 2. febrúar, og þar framkvæmdi Ove Andersen bátasmiður frekari viðgerð dagana 6.—11. febrúar. Samkvæmt skýrslu hans hér fyrir dómi, 2. maí s.l., var sú viðgerð í því fólgin, að báturinn var allur seymdur miðskips frá kili upp að borðstokk og stjórnborðsmegin fram að miðjum lúkar. Taldi vitni þetta, að þessarar seymingar hefði verið þörf vegna áfalls, sem báturinn hafði orðið fyrir, en ekki af því að saumurinn hefði verið slitinn eða látið á sjá sökum slits eða elli. Jafnframt lýsti vitnið því, að báturinn hefði verið lekur undir „skammdekki“, er hann kom úr viðgerðinni á Ísafirði.

Samkvæmt kjarasamningum þeim, sem þá voru í gildi milli sjómanna og útgerðarmanna, höfðu sjómenn, er annars voru ráðnir upp á hlut, lágmarkskauptryggingu, sem greiddast skyldi mánaðarlega. Fengu þeir hana greidda að fullu fyrir janúarmánuð, án nokkurra athugasemda af hálfu útgerðarmannsins (stefnda). En þegar að því kom, að greiða skyldi kauptryggingu fyrir febrúarmánuð, greiddi stefndi aðeins kauptryggingu fyrir hálfan þann mánuð, og er mál þetta risið út af ágreiningi milli hans og sjómanna um það, hvort honum hafi verið skylt eða ekki að greiða kauptryggingu fyrir allan febrúarmánuð.

Stefndi byggir heimild sína til þess að greiða ekki kauptryggingu fyrir nefnt tímabil á 7. gr. þess kjarasamnings, sem þá var í gildi milli málsaðilja, en hún er svohljóðandi:

„Hætti skip veiðum og verði skipverjar afskráðir á vertíð en byrji aftur á sömu vertíð, þá skal greiða tryggingu fyrir bæði eða öll úthaldstímabilin, að viðbætti einni viku. Þó skal því aðeins greiða trygginguna, að samanlagðir hlutir fyrir bæði eða öll úthaldstímabilin verði ekki hærri en tryggingin. Þó falli trygging niður, ef um stöðvun er að ræða vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem meiriháttar vélbilana eða skipsskaða, íshindrana, verkfalls eða verkbanns. Vertíðir teljast frá 1. janúar til 30. júní, 1. júlí til 15. september og frá 1. október til 31. desember.“

Stefndi taldi að áfall það, er báturinn varð fyrir við öldubrjótinn 24. eða 25. janúar, hefði leitt til þess, að róðrar féllu niður frá þeim degi til 16. febrúar. Hér hefði þannig verið að ræða um stöðvun af óviðráðanlegum orsökum framangreint tímabil og hefði því greiðsla kauptryggingar átt að falla niður samkvæmt ákvæðum 7. gr. samningsins. Og þar sem skipverjar hefðu hinsvegar fengið fulla greiðslu til janúarloka, hefði hann fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum.

Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þenna skilning stefnda. Telur hann, að áfall það, er v/b Særún varð fyrir 24. eða 25. janúar, hafi ekki verið þess eðlis, að stöðvun vegna þess geti fallið undir ákvæði áðurnefndrar 7. gr., sem aðeins eigi við um meiriháttar tjón eða bilanir. Kveður hann bátinn hafa verið lekann alla vertíðina, að meira eða minna leyti. Seymingin í

Bolungavík hafi ekki verið nauðsynleg vegna áfallsins við öldubrjótinn, og töf sú á róðrum, sem af henni stafaði, geti ekki á neinn hátt leitt til þess, að útgerðarmaður bátsins (stefndi) losni af þeim sökum við að greiða kauptryggingu. Þá heldur stefnandi því og fram, að skipverjar á v/b Særúnu eigi óskoraðan rétt til kauptryggingar allan febrúar, þegar af þeirri ástæðu, að þeim hafi aldrei verið sagt upp af hálfu stefnda, enda hafi hann án nokkurs áskilnaðar greitt fulla kauptryggingu til loka janúarmánaðar.

Stefndi hefur neitað því, að nokkurs áskilnaðar hafi verið þörf í sambandi við janúargreiðsluna, því að það komi fyrst í ljós, er reikningsskil séu gerð í vertíðarlok, hvort um greiðslu kauptryggingar sé raunverulega að ræða, eða aðeins greiðslu upp í aflahlut.

Skemmdir þær, sem v/b Særún hlaut við öldubrjótinn í Bolungavík 25. janúar f. á. samkvæmt framangreindum skýrslum skipstjórans og virðingarmanns bátaábyrgðarfélagssins og sem leiddu til viðgerðarinnar á Ísafirði 26. janúar til 2. febrúar, voru þannig, að telja verður, að stöðvun sú, er varð á róðrum vegna þessarar viðgerðar hafi valdið því, að skylda útgerðarmanns bátsins til greiðslu kauptryggingar hefði samkvæmt 7. gr. þágildandi kjarasamnings getað fallið niður meðan á henni stóð.

Þá kemur til athugunar það atriði, hvort viðgerðin í Bolungavík og dráttur sá, frá 2.—16. febrúar f. á., sem á því varð, að m/b Særún hæfi róðra á ný, hafi einnig verið þess eðlis, að ákvæði 7. gr. nefnds kjarasamnings um niðurfall kauptryggingar ætti við um hann.

Svo sem áður er getið heldur stefnandi því fram, að báturinn hafi verið lekur af og til alla vertíðina. Skal nú það rakið, sem fram hefur komið um lekann. Við yfirheyrslu, sem fram fór hinn 10. október 1950 yfir skipverjum, segir Kristján Jóhannesson háseti, að báturinn hafi verið svo lekur, er hann var settur á flot í byrjun haustvertíðar, að standa hafi orðið vörð í honum fyrsta sólarhringinn. Magnús Ágúst Haraldsson háseti segir, að báturinn hafi lekið allan tímann, þar til búið var að seyma hann í byrjun febrúar. Gunnar Hjörtur Halldórsson skipverji segir, að þegar báturinn var settur á flot

hafi orðið að draga hann upp aftur vegna leka. Sigurður Finn-
bogason segir, að báturinn hafi lekið frá því að hann var sett-
ur ofan og þar til hann var seymdur upp. Allir þessir hásetar
gera kröfu til kauptryggingar þeirrar, sem um er deilt í mál-
inu. Skipstjóri bátsins, Halldór G. Halldórsson, sem eins
stendur á um, segir við yfirheyrsluna 10. október, að hann
hafi orðið var við leka strax eftir niðursetningu bátsins og
telur orsökina þá, að báturinn hafi reynzt, er hann var settur
fram. Þá hefur skipstjórinn lýst yfir því í vottorði, dags. 23.
apríl þ. á., að báturinn hafi ekki verið sjófær, þegar hann var
dreginn á land í Bolungavík í febrúarbyrjun 1950, en ekki er
þess getið í því vottorði, hver orsök þess var. Guðfinnur Ein-
arsson, framkvæmdastjóri í Bolungavík, sem fór með útgerð-
arstjórn m/b Særúnar, telur í skýrslu, sem hann gaf hér fyrir
dómi, að leki hafi komið að bátnum, er hann varð fyrir áfall-
inu við öldubrjótinn í janúar 1950. Jafnframt skýrir hann frá
því, að leki hafi komið að bátnum fyrr á vertíðinni, að líkind-
um fyrir áramót, og hafi þá verið girt fyrir þann leka. En
hann gat ekki um það sagt, hvort síðari lekinn var meiri hin-
um fyrri. Eins og áður greinir, telur M. Bernharðsson á Ísa-
firði, sem gerði við bátinn og framkvæmdi virðingu á honum
fyrir bátaábyrgðarfélagið eftir að hann skemmdist, að bát-
urinn hafi verið lekur og muni hafa reynzt í óveðrinu við
öldubrjótinn. Ekki er þó seyming talin með í virðingargerð
hans, en hins vegar er því haldið fram af stefnanda, að Vél-
bátaábyrgðarfélag Ísfirðinga hafi greitt fyrir seyminguna í
Bolungavík. Loks segir Ove Andersen bátasmiður í skýrslu,
er hann gaf hér fyrir dómi, að þurft hafi að seyma bátinn af
nýju vegna áfalls, sem hann hafi orðið fyrir, og að hann hafi
lekið undir skammdekki stjórnborðsmegin frá miðju skipi
aftur á „hekk“. Telur hann, að þessi leki hafi stafað af áfall-
inu við öldubrjótinn. Þetta vitni telur þó, að báturinn hafi
orðið að teljast sjófær, þó að þurft hefði að þess áliti að hamp-
þetta hann og tjarga.

Með úrskurði, sem upp var kveðinn 28. desember s. l., kvað
dómurinn svo á, að afla þyrfti ýmsra frekari gagna áður en
málið yrði dæmt að efni til, og eru þau atriði, sem talið var
að upplýsa þyrfti betur, ýtarlega rakin í úrskurði þessum.

Meðal annars var lýst eftir nánari upplýsingum um leka á bátnum fyrir og eftir áfallið 24. eða 25. janúar 1950. Þrátt fyrir þenna úrskurð og munnlegar áréttingar um öflun þessara gagna hafa dóminum ekki borizt fullnægjandi upplýsingar um sum þeirra atriða, sem um var spurt í úrskurðinum, en auðvelt hefði þó verið að afla gagna um, eins og t. d. um það, hvort meira bar á leka eftir áfallið við öldubrjótinn 24. eða 25. janúar en áður var.

Skýrslur þær og vætti, sem að framan eru rakin, benda að vísu í þá átt, að meira hafi kveðið að leka á bátnum eftir áfallið í janúar en fyrr á vertíðinni. En gegn eindregnum mótmælum stefnanda þykir þó ekki fullsannað, að hlé það, er varð á róðrum m/b Særúnar á tímabilinu frá 2. til 16. febrúar 1950, að báðum dögum meðtöldum, hafi verið nauðsynleg og óhjákvæmlega afleiðing af sjóskaða þeim, er báturinn varð fyrir í janúar s. á. og að framan er lýst. Verður ekki talið, að verið hafi fyrir hendi þessa daga skilyrði til þess, að kauptrygging háseta félli niður vegna ákvæða síðari liðs 7. greinar oftnefnds kjarasamnings. Og þar sem útgerðarmaður v/b Særúnar sagði ekki á þessu tímabili upp ráðningarsamningi sínum við skipverja, þykir bera að taka dómkröfur stefnanda til greina, að undanskildum 1. febrúar 1950, en sá dagur féll til þess tímabils, er kauptrygging samkvæmt framansögðu hefði getað fallið niður á.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Einari Guðfinnssyni, er skylt að greiða skipverjum á m/b Særúnu, Ís. 6, kauptryggingu fyrir allan febrúarmánuð 1950, að undanskildum 1. degi þess mánaðar.

Málskostnaður fellur niður.